

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins, og tilnefni hver þeirra einn mann. Hinn fimmta skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er og leggja tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem föng eru á og hún síðan leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Við undirbúning laganna um almannatryggingar var svo ráð fyrir gert, að samtímis þeim yrði sett löggjöf um Atvinnustofnun ríkisins, sem meðal annarra verkefna skyldi hafa með höndum atvinnuleysistryggingar, ef ráðstafanir þær, sem gert var ráð fyrir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, reyndust ekki fullnægjandi. Náðist ekki samkomulag um slíka lagasetningu, en því var yfirlýst af þáverandi ríkisstjórn, að hún teldi það meginverkefni sitt að tryggja fulla atvinnu. Síðan má og telja, að atvinna hafi verið næg í landinu, þar til á síðast liðnum vetri. Þá var mjög tilfinnanlegt atvinnuleysi í flestum kaupstöðum og mörgum kaup-túnnum landsins, í fyrsta sinn á tíu árum. Og allt bendir til þess, að ástandið verði þó stórum verra á þeim vetri, sem nú fer í hönd. Er það jafnvel nú þegar orðið mjög alvarlegt á nokkrum stöðum, svo sem Siglufirði og Ísafirði. Að óbreyttri stefnu í viðskipta-, fjárhags- og atvinnumálum virðist því miður óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir vaxandi atvinnuleysi á ýmsum stöðum á landinu nokkurn hluta árs. Verður því ekki lengur hjá því komizt að hefjast nú þegar handa um undirbúning löggjafar um atvinnuleysistryggingar, þótt allir hljóti að viðurkenna, að æskilegra sé að koma í veg fyrir atvinnuleysi en að greiða atvinnuleysisstyrki.

Á síðasta þingi flutti Alþýðuflokkurinn frumvarp um Atvinnustofnun ríkisins, sem hafa skyldi með höndum margvíslegrar ráðstafanir til þess að tryggja sem bezta hagnýtingu vinnuafis þjóðarinnar, m. a. með fullkominni vinnumiðlun, skrásetningu verkfæra manna og skipulagðri öryrkja- og unglíngavinnu. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga. Þvert á móti samþykktu stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar að nema úr lögum skyldu ríkisvaldsins til þess að halda uppi opinberri vinnumiðlun. Alþýðuflokkurinn mun flytja þetta frumvarp aftur á þessu þingi, en jafnvel samþykkt þess er ekki nægileg, eins og málum nú er komið. Lagasetning um atvinnuleysistryggingar er orðin óhjákvæmileg nauðsyn, en framkvæmd þeirra er að verulegu leyti háð því, að fullkomin vinnumiðlun sé fyrir hendi og nauðsynlegar skýrslur um verkfæra menn.

Í fyrri umræðum um atvinnuleysistryggingar hefur gætt nokkurs skoðanamunar um, hversu þeim skuli hagað. Hafa sumir talið heppilegast, að ein stofnun, t. d. Atvinnustofnun ríkisins, hefði þær með höndum, en aðrir telja, að réttara sé að styrkja atvinnuleysissjóði einstakra stéttarféлага. Varðandi fjárhagsgrundvöll slíkra trygginga kemur og margt til greina, m. a. það, hversu skipta skuli kostnaði við þær á þá aðila, sem eðlilegast verður að telja að leggi fram fé til þeirra. Fé það, sem Tryggingastofnun ríkisins geymir (3 millj. kr. auk vaxta), er fyrirhugað sem stofnfé atvinnuleysistrygginganna, enda mundi það hrökkva skammt til að mæta rekstrarfjárbörf slíkra trygginga.

Flutningsmaður telur, að með skipun nefndar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu, sé tryggt, að hin mismunandi sjónarmið verði rækilega athuguð, þannig að hægt verði að þeirri athugun lokinni að gera sér grein fyrir, hversu slíku tryggingum verði bezt fyrir komið. Flutningsmaður leggur áherzlu á, að skipun nefndarinnar og störfum hennar verði hraðað svo sem unnt er. Æskilegast væri, að hægt yrði að afgreiða málið þegar á þessu þingi.